
STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 12. FEBRÚAR 2019 KL 16:30

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Bergrún Arna Þorsteinsdóttir, Guðný Drífa Snæland, Snædís Róbertsdóttir og Árni Ólason. Björn Ingimarsson boðaði forföll.

Sigurlaug Eir Þórsdóttir, formaður Nemendafélags ME, sat fundinn undir dagskrárlið 2.

Bergrún Anna bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. Foreldravakt og þrif á síðasta balli 1. des.

Foreldrar hjálpuðu til að þrifa milli borðhalds og balls. Það gekk fljótt og vel þrátt fyrir palliettudrífum á gólfum. Ballið sjálft gekk mjög vel og reynt verður að hafa meira verðbil á miðum milli grænna og rauðra miða á næsta balli.

2. Formaður Nemendafélags ME.

Formaður Nemendafélag ME talaði um félagslíf. Skíðaferð er plönuð í Stafdal um helgina og skoðað með fleiri ferðir í tengslum við skíðarútuna. Leiklistaræfingar ganga að óskum og hópurinn byrjar æfingar í Valaskjálfi eftir 28. febrúar. Frumsýnt verður föstudaginn 8. mars - Thriller.

3. Böll vorannar.

Næsta ball er 29 mars í tengslum í Barkann, söngvakeppni framhaldsskólanna. Síðan verður lokaball í byrjun maí. Fleiri miðvikudagsviðburðir hafa verið í vetur en áður bæði í íþróttahúsi og uppi á sal. Talað um að hafa sameiginlegan barka með VA og gera stærri viðburð nú í mars.

4. Hafa foreldrar greitt valgreiðslur.

64 hafa borgað nú þegar og Drífa talar við Hafliða um að fella niður innheimtugjöldin. Einnig talað um að minna menn á valgreiðslurnar.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:10.

Fundargerð ritaði Árni Ólason